

42. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum og renna sektir í fjallskilasjóð þess leitarsvæðis, sem brotið er framið í. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað nr. 374/1986 og breyting á henni nr. 396/1988.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. desember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 638

9. desember 1996

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Rangárvallahreppi fyrir árið 1997.

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 344/1987 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 1997 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

a) Íbúðir í þéttbýli m.v. 1 poka á viku	kr. 7.173
b) Íbúðir í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki	kr. 3.586
c) Sumarhús	kr. 3.586
d) Fyrirtæki (þar sem pokahirða er) m.v. 1 poka á viku	kr. 7.173
e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald	kr. 26.841

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum til þess að gilda fyrir árið 1997.

Umhverfisráðuneytinu, 9. desember 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.